

## 99. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 2. október kl.17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Björgvin Ólafsson, Þorbergur Bætingsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Hjörleifur Sigurþórsson/ Brynjar Daníelsson f.h. eigenda Skólastígs nr. 12 sækja um að rífa húsið og byggja nýtt samkvæmt teikningum dags. 25.08.'07. Einnig er sótt um afmörkun á lóð. Stærðir: 108,1 m<sup>2</sup>, 275,4m<sup>3</sup>. Umsögn frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins liggur fyrir dags. 4.05.'07. *Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið samkvæmt 7. mgr. 43 gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir Höfðagötu nr. 2 og 5, Skólastíg nr.7, 8, 9 og 10, Bókhöðustíg nr. 8 og 10.*
2. Trausti Tryggvason Silfurgötu 41 sækir um að staðsetja gróðurskýli á lóðinni sbr. bréf dags. 13.08.'07. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Silfurgötu 39, 43, 45 og 47 Skólastíg 26, 28 og 30. Engar athugasemdir bárust. *Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr...*
3. Baldur Þorleifsson Ásklif 10 sækir um að loka svölum samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni / Brynjari Daníelssyni dags. ágúst '07. Stærðir samtals m<sup>2</sup> , m<sup>3</sup>. *Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
4. Narfeyri ehf /Baldur Þorleifsson sækir um að flytja hús að Þvervegi nr. 12 og byggja við það samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni/Brynjari Daníelssyni dags 14.09.'07. Stærðir samtals: 132,4 m<sup>2</sup>, 391 m<sup>3</sup>. *Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
5. Sigurður Birgisson óskar eftir að gerður verði lóðarleigusamningur fyrir Höfðagötu 3. *Erindi vísað í deiliskipulagsvinnu.*
6. Nesvegur 24, lóðarleigusamningur. *Erindi vísað til umsagnar hafnarnefndar.*

7. Bréf frá Berglindi Lilju Þorbergsdóttur vegna staðsetningu á gangstétt í nýrri hluta af Laufásvegi dags. 23.08.2007. Erindi vísað af bæjarstjórn til skipulags- og byggingarnefndar.  
*Nefndin leggur til skoðaður verði sá möguleiki á að færa gangstétt yfir að suður mörkum Laufásvegar.*
8. Tindur ehf, sækir um að byggja stálgrindarskemmu að Nesvegi 14 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. sept. 2007. Stærðir samtals: 196.6 m<sup>2</sup>, 946,6 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
9. Gunnlaugur Auðunn Árnason óskar eftir að staðsetja upplýsingaskilti við Sæmundarpakkhús sbr. bréf dags. 28.09.'07.  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
10. Stykkishólmsbær óskar eftir að nýta tímabundið svæðið norðaustur af Snoppu fyrir geymslupláss.  
*Erindi samþykkt.*
11. Símon Sturluson sækir um að setja milliloft í byggingar við Hamraenda 3, eða mhl. 02-0103, mhl. 01-0103 og 01-0102, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags. sept. 2007. Stærðir samtals:  
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.*
12. F.h. slökkviliðs Stykkishólmsbæjar / Þorbergur Bæringsson óskar eftir að staðsetja tvo 20 feta gáma í bæjarlandi til æfingar fyrir reykköfun.  
*Erindi frestað.*
13. Guðmundur Benjamínsson sækir um leyfi til að byggja lambahús á ræktunarsvæði Nýræktarfélagssins sbr. teikn frá Verkfræðistofu E.K. Stærðir samtals 31.1 m<sup>2</sup>, 85.2 m<sup>3</sup>.  
*Erindi frestað.*
14. Önnur mál.  
*14.a. Umræður um hesthús og hesthúsabyggð. Nefndin óskar eftir umsögn frá Hesteigendafélagi Stykkishólms um fyrirliggjandi drög að samþykkt af hesthúsum og hesthúshverfi.*

B.V.

